

Orca Productions ehf
Síðumúli 29
108 Reykjavík

Reykjavík, 5. júní 2024
UST202405-240/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi fyrir kvikmyndatöku innan Snæfellsjökulspjóðgarðs

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Orca Productions, dagsett, 24. maí 2024, um leyfi til myndatöku og drónaflugs innan Snæfellsjökulspjóðgarðs.

Snæfellsjökulspjóðgarður er friðlýstur sbr. [auglýsing nr. 935/2021](#). Notkun fjarstýrðra loftfara (dróna/flugmóðela) er óheimil á búsvæðum fugla á varptíma innan þjóðgarðsins nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að raska gróðri eða trufla dýralíf í þjóðgarðinum. Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða eða samkomuhalds.

Lýsing verkefnis:

Stefnt er að því að mynda refi við greni. Ef refir sjást á ferð á svæðum þar sem er ekki greni verður reynt að mynda þá líka. Ekki verður lagt út æti til að laða dýrin að þeim sem koma að myndatökunum. Dýrin verða ekki elt á hlaupum, myndatökumaður verður kyrr í um 100 metra fjarlægð frá greni. Stefnt er að því að ekki fari meira en 6 klst. í að mynda refina innan þjóðgarðsins. Til viðbótar færu 4 tímar í aðrar tölur víðsvegar um þjóðgarðinn. Drónaflug færi fram í nágrenni við Saxhól, Snæfellsjökul og Beruvík. Flogið yrði um 15 mín í senn og heildartími yrði um 1,5 klst yfir daginn. Flogið yrði í allt að 120 metra hæð. Kort sem sýnir nákvæmari staðsetningu þeirra svæða sem stefnt er að því að fljúga fylgdi með umsókninni. Að tölunum koma 12 manns á þremur bifreiðum og fara þær fram 10 eða 11. júní 2024.

Umsagnir:

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna verkefnisins þann 29. maí sl. vegna myndatökunar. Umsögn Náttúrufræðistofnunar barst þann 3. maí 2024. Í umsögn stofnunarinnar kemur fram að í tilfellum sem þessum leggur Náttúrufræðistofnun til eftirfarandi: 1) Ef verið er að fylgjast með ref á hreyfingu, ætti helst að forðast að elta dýrið til að ná mynd af ferðum þess. Ef það telst nauðsynlegt skal það gert hávaðalaust og af yfirvegun. 2) Ef dvalið verður við greni með yrðlingum er mikilvægt að hafa í huga að refagreni eru friðuð á grenjatíma samkvæmt lögum nr. 64/1994. Sé farið að grenjum á þeim tíma þarf að gæta þess að fara hljóðlega og að fólkið haldi hópinn á afmörkuðu svæði en dreifi ekki úr sér eða færi sig til. Gæta þarf að því að grendýrin hafi möguleika á að komast hindrunarlaust til og frá greninu til að sinna yrðlingunum. Ekki ætti að fara nær greninu en 40 metra. Ef grendýrin sýna merki óróleika og/eða gefa frá sér varnarhljóð, þarf fólkið að

færa sig lengra frá greninu þar til dýrin virðast orðin róleg og sýna eðlilega hegðun. Náttúrufræðistofnun telur óhætt að veita umrætt leyfi, á forsendum þeirrar lýsingar sem fylgir í umsókn, sé farið að ofangreindum tilmælum.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi og náttúrufar svæðisins sé farið að skilyrðum leyfisins. Refir geta verið viðkvæmir fyrir truflunum við greni og sé farið óvarlega getur það haft óaftukræf áhrif fyrir þá en myndataka við greni getur laðað að forvitna gesti. Drónaflug getur haft neikvæð áhrif á gesti svæðisins meðan á fluginu stendur vegna hljóðmengunar og persónuverndar. Umhverfisstofnun metur að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum verkefnisins á gesti sé farið að skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun metur miðað við verklýsingu umsækjanda friðlýsingu svæðisins og sérreglur í stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins að drónaflug ofan Útnesvegjar sé ekki leyfisskipt af hálfu stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun veitir Orca Productions fyrir sitt leyti leyfi fyrir myndatöku og drónaflugi neðan Útnesvegjar innan Snæfellsjökulsþjóðgarðs sbr. lýsingu hér að ofan 10-11. júní 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Allur akstur utan vega er óheimill.
- Starfsmenn verkefnisins skulu ganga snyrtilega um svæðið og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Stjórnandi drónans skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er.

- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Óheimilt er að nota drónana til að elta refi og önnur dýr á svæðinu við myndatökuna.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugíð hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.
- Óheimilt er að fljúga innan 200 metra fjarlægðar frá fuglabjörgum á varptíma.
- Ef verið er að fylgjast með ref á hreyfingu, ætti helst að forðast að elta dýrið til að ná mynd af ferðum þess. Ef það telst nauðsynlegt skal það gert hávaðalaust og af yfirvegum.
- Gæta þarf að því að grendýrin hafi möguleika á að komast hindrunarlaust til og frá greninu til að sinna yrðlingunum.
- Takmarka skal þann tíma sem dvalið er við greni eins og kostur er.
- Gæta skal að því að draga ekki athygli annara gesta að greninu á meðan tókur fara fram.
- Óheimilt er að gefa dýrum á svæðinu að borða.
- Halda skal lágmark 40 metra fjarlægð frá grenjum og refum og ef grendýrin sýna merki óróleika og/eða gefa frá sér varnarhljóð, þarf fólkið að færa sig lengra frá greninu þar til dýrin virðast orðin róleg og sýna eðlilega hegðun.
- Myndefni skal ekki sýna staðsetningu grenis.
- Takmarka skal fjölda starfsmanna sem dvelja við hreiður við myndatöku og skulu þeir halda hópinn á afmörkuðu svæði og ekki dreifa úr sér.
- Myndataka við greni og val á greni skal fara fram í samráði við landverði.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200.** sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Hákon Ásgeirsson
þjóðgarðsvörður

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur